

Föstudaginn 9. júní 1961.

Nr. 82/1961. **Ákærvaldið** (Gísli Einarsson hdl.)

gegn

Guðmundi Þórðarsyni

(Sveinn Snorrason hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir **Gizur Bergsteinsson**, **Árni Tryggvason**,
Lárus Jóhannesson og **Þórður Eyjólfsson** og prófessor **Theodór**
B. Líndal.

Skírlífisbrot. Nauðgun.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf, en ekkert kom þar fram, sem áhrif getur haft á úrslit máls þessa. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að réttindasvipting verður ekki dæmd, enda hefur ákærvaldið fallið frá kröfu um hana, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961 og 2. gr. laga nr. 19/1940.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar á meðal málflutningslauna til sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 6000.00 til hvors.

Lögreglumenn þeir, er fyrstir hófu eftirgrennslna um mál þetta aðfaranótt 14. janúar 1961, tilkynntu ekki þá þegar rannsóknarlögreglunni um atburðinn, enda þótt þeir yrðu þess varir, að stórglæpur hafði verið framinn. Verður að átelja þessa vanrækslu þeirra.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að réttindasvipting verður ekki dæmd.

Ákærði, Guðmundur Þórðarson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, héraðsdómslög-

mannanna Gísla Einarssonar og Sveins Snorrasonar, kr. 6000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. apríl 1961.

Ár 1961, fimmtudaginn 13. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í bæjarþingsstofunni í hegningarhúsinu, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1938/1961: Ákærvaldið gegn Guðmundi Þórðarsyni, sem tekið var til dóms hinn 12. sama mánaðar.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 5. þ. m., er Guðmundur Þórðarson sjómaður, Víðimel 49, hér í bæ, ákærður fyrir að hafa föstudagskvöldið 13. janúar s.l. veitt stúlkunni X, 12 ára að aldri, við barnaleikvöllinn við Vesturvalla götu hér í bæ, fært hana með valdi inn á leikvöllinn og þar inn í skýli og slegið höfði hennar við steinvegg skýlisins, svo að hún missti meðvitund, og fyrir að hafa síðan sprett sundur klæðum stúlkunnar og þröngvað eða reynt að þröngva henni til holdlegs samræðis.

Þykir atferli þetta í ákæruskjalinu aðallega varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við nefnt ákvæði sbr. 1. mgr. 20. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í framhaldsákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 10. þ. m., segir, að brot ákærða, sem lýst er í ákæruskjalinu, dagsettu 5. þ. m., þyki auk framangreindra refsíákvæða varða við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (bæði samkvæmt aðal- og varakröfum).

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur hér í bæ 26. apríl 1930.

Hinn 28. apríl 1959 var hann í sakadómi Reykjavíkur dæmdur í 2500 króna sekt og sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot gegn áfengislögum og umferðarlögum. Hinn 28. júní 1960 hlaut hann áminningu fyrir ölvun á almannaþæri. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Foreldrar ákærða eru Sigurveig Ásgrímsdóttir, sem hinn 13. janúar s.l. bjó ásamt ákærða í kjallaraíbúð á Víðimel 49 hér í

bænum, og fyrrverandi eiginmaður hennar, Þórður Þórarinn Guðmundsson sjómaður, húsvörður í hæli Bláa bandsins á Flóka-götu 29 hér í bænum.

Ákærði, sem er eini sonur þeirra, ólst upp hjá þeim, gekk sæmi-lega vel í skóla, lagði fyrir sig nám í flugumferðarstjórn og tók próf í þeirri grein. Eigi komst hann að starfi í því fagi. Vann hann árum saman í gistihúsinu á Keflavíkurflugvelli, en síðari árin hefur hann stundað sjómennsku bæði á togurum og vélbátum auk ýmissar vinnu í landi. Hafa bæði ákærði sjálfur og foreldrar hans upplýst, að hann hafi hin síðari ár verið mjög drykkfelldur, það svo, að mikil vandræði hafi verið að. Öll halda þau því fram, að áfengisneyzla hafi þau áhrif á ákærða, að naumast geti talizt eðlilegt. Orða foreldrar hans það svo, að engu sé líkara en „hann fari úr sambandi“, svo æstur verði hann og óviðráðanlegur undir áhrifum áfengis. Vilja þau setja þetta í samband við veikindi, eins konar lömunarveikitilfelli, sem hann hafi orðið fyrir fyrir nokkrum árum.

Ákærði lýsir þessu svo, að þegar hann verði drukinn, komi „einhver djöfullinn yfir sig“, það sé, eins og hann vilji gera öllum illt og jafnvel helzt þeim, sem mest hafi gert sér gott.

Tvívegis hefur hann verið sem drykkjusjúklingur í hæli Bláa bandsins, og var önnur dvöl hans þar á síðastliðnu ári.

Daginn fyrir síðastliðinn gamlárstag var ákærði drukinn að fást við flugeldasprengingar og brenndist við það nokkuð á hendi. Frá því þetta gerðist og fram til 13. janúar, var hann verklaus heima, en áfengis neytti hann ekki á þessum tíma fyrr en nefndan dag síðdegis. Talsvert er upplýst um feril ákærða þenna dag, en eigi þykir ástæða til að rekja það hér í einstökum at-riðum. Var hann ölvaður á ferli víðs vegar um bæinn, bæði í bíl og gangandi, og seldi í leyfisleysi útvarpsviðtækið úr heimili móður sinnar og eyddi andvirðinu samdægurs í áfengi og bíl-ferðir. Um kvöldið, klukkan um 2015—2020, að því er Sigurveig heldur fram, komu þeir feðgarnir heim á Víðimel 49, og hafði Þórður þá fundið ákærða niðri við höfn. Ákærði hafði með sér brennivínsslatta, sem hann drakk þarna inni. Hann var ófán-legur til að ganga til hvílu, og í þeim ham var hann, að móðir hans treysti sér ekki til að hafa hann heima um nóttina. Fór hann þá reiður burtu, en ekki virtist henni hann vera í áber-andi æstu skapi. Eftir þetta sá faðir ákærða hann við veitinga-stofu eina á hafnarsvæðinu, en nokkru síðar kom hann á Ásvalla-götu 69, en húsfreyjan þar er kunnug móður hans. Þar hitti

hann dætur húsráðenda, 11 og 12 ára gamlar, og eftir að honum hafði dvalizt þarna inni góða stund, fengu þær hann til að fara út. Telur eldri systirin hann hafa farið út um það bil tíu mínútum fyrir kl. 2230. Systurnar létu móður sína, sem var þetta kvöld við vinnu í veitingasölu í miðbænum, vita símaleiðis, að ákærði væri kominn drukkinn. Hún sagði þeim að reyna að fá hann til að fara, sem þeim tókst. Einnig símaði hún til móður ákærða og sagði henni, að hann væri heima hjá sér á Ásvallagötu 69.

Þetta kvöld voru fjórar 12 ára gamlar telpur, bekkjarsystur í 12 ára bekk Melaskólans, í saumaklúbb heima hjá einni þeirra Meðal þeirra var X, fædd... desember 1948. Heima hjá henni var búizt við því, að hún yrði flutt heim um kvöldið í bíl, en það fórst fyrir, að svo yrði. Um kl. 2215, að sögn þriggja telpnanna, lögðu þær X og stallsystir hennar úr saumaklúbbnum af stað heimleiðis fótgangandi. Þær gengu Hrannarstíg og Hofsvallagötu, en skildu á mótum hinnar síðarnefndu og Ásvallagötu. Hélt stallsystirin þá austur þá götu áleiðis heim til sín, en X vestur götuna áleiðis heim til sín. Á mótum Ásvallagötu og Bræðraborgarstígs lét hún í póstkassa bréf, sem stallsystir hennar hafði beðið hana fyrir. Áfram hélt hún vestur götuna og gekk nyrðri gangstéttina. Engar mannaferðir sá hún á götunni aðrar en þær, að maður, sem hún ekki þekkti, stóð á móts við húsið nr. 69 og 71. Er það engum vafa bundið, að þetta var ákærði, þá að öllum líkindum nýkominn út úr íbúðinni á Ásvallagötu 69. Um það, sem nú gerðist, er frásögn X á þessa leið: Hún ætlaði að hraða sér fram hjá ákærða, en hann vék sér þá að henni og innti hana eftir því, hvar hún ætti heima. Hún sagði honum það. Þá spurði hann, hvort hann mætti verða henni samferða, og játaði hún því. Á leiðinni vestur götuna spurði ákærði, hvar Sólvallagatan væri, og síðan, hvar Framnesvegur væri, og benti telpan honum á þær götur. Hann spurði þá, hver væri skemmsta leið á Framnesveg, og svaraði hún því til, að það væri yfir barnaleikvöllinn við Vesturvallagötu, sem er við vesturenda Ásvallagötunnar. Hún gekk nú með ákærða aðeins fram hjá heimili sínu,, og að leikvellingum og benti honum á leiðina. Hann bað hana þá að fylgja sér, en því neitaði hún og sagðist verða að hraða sér heim. Þá þreif hann til hennar og bar hana eða dró gegnum hlið, sem þarna er á leikvallarveggnum. Hún hrópaði á hjálp, þegar hann réðst á hana, en hann greip þá fyrir munn hennar og síðar fyrir kverkar henni.

Hann fór nú með hana inn í skýlið, sem er á leikvellingum rétt við hliðið, lagði hana þar niður, og telur hún, að hann hafi lagzt á hnén við hlið hennar. Hún hrópaði þá á hjálp, þegar hann linaði tökin á hálsi hennar og munni, en þá sagði hann: „Ég drep þig.“ Síðan barði hann hnakka hennar oftár en einu sinni við skýlisvegginn (múrvegg), og man hún það síðast til sín um sinn. Segist hún hafa misst meðvitund, en þó muna, eins og úr draumi, að henni fannst sem verið væri að „rífa af sér skinnið“. Næst man hún það eftir sér, að hún lá á legubekk heima hjá sér og að verið var að stumra yfir henni. Hana minnir, að verið hafi lítils háttar rigning, þegar hún hitti ákærða, en áður hafi rignt mikið. Taldi hún fót mannsins hefðu ekki verið blaut að neinu ráði, og hafi litið svo út, að hann væri nýkominn út úr húsi. Ekki kveðst hún í fyrstu hafa tekið eftir, að maðurinn væri undir áhrifum áfengis, en virtist þó málrómurinn drafandi. Þegar hann réðst á hana, fann hún af honum áfengislykt.

Þessa skýrslu gaf telpan upphaflega rannsóknarlögreglunni í Landakotsspítala morguninn eftir þennan atburð, þ.e.a.s. áður en grunur beindist að ákærða. Sagði hún árásarmanninn hafa verið berhöfðaðan, frakkalausán í gráum fötum og að hún hélt í ljósri skyrtu. Allt kom þetta heim við klæðnað ákærða á þessum tíma, og lýsing hennar á árásarmanninum er að öðru leyti að mestu í samræmi við útlit ákærða.

Móðir X skýrir svo frá, að hún hafi búizt við dóttur sinni heim úr saumaklúbbnum um kl. 2215. Þegar hún kom ekki á þeim tíma, símaði móðir hennar og fékk þær fregnir, að X væri farin þaðan fyrir alllangri stundu í fylgd með stall-systur sinni úr saumaklúbbnum. Símaði þá móðir X heim til hennar og frétti þá, að þær X hefðu skilið fyrir töluverðri stundu við Hofsvallagötuna. Óttaðist hún þá, að ekki væri allt með felldu. Hún símaði til lögreglunnar vegna þessa, og sonur hennar og kunningi úr næsta húsi fóru að leita telpunnar í grenndinni. Rétt fyrir kl. 2325 kom X svo gangandi heim og var þá mjög illa til reika. Hún hafði verið klædd í úlpu, blússu, pils, undirkjól, sokkabuxur, nærbuxur og trefil og með bomsur á fötum. Þegar hún kom heim, hélt hún á úlpunni, pilsinu, sokkabuxunum og nærbuxunum og var því nakin að neðan. Fötin voru óhrein og rifin og tölur slitnar af þeim. X var sjáanlega mikið meidd, og mjög var henni kalt. Var hlúð að henni og jafnframt símað til heimilislæknisins, Hannesar Þórarinssonar,

sem kom strax og lét flytja telpuna í slysavarðstofuna. Í sama mund og símað var til læknisins, var símað til lögreglunnar. Komu lögreglumenn þegar, fengu upplýsingar um það, sem gerzt hafði og hófu þegar leit að áráðarmanninum um nálgægar götur. Eigi bar sú leit árangur, en á vettvangi í barnaleikvallarskýlinu við Vesturvallagötu fundu þeir vasahníf, tölu og nokkra smápeninga, sem fylgja skjölum málsins.

Um nóttina kl. 0220 skýrði Hannes læknir Þórarinnsson lögregluvarðstofunni frá því, að hann hefði komið X fyrir í Landakotsspítala, að hún mundi vera höfuðkúpubrotin og að henni hefði verið nauðgað. Eigi töldu lögreglumenn ástæðu til að kalla rannsóknarlögregluna á staðinn, enda líðan telpunnar svo slæm, að ekki var unnt að taka skýrslu af henni.

Daginn eftir, 14. janúar, hóf rannsóknarlögreglan aðgerðir í málinu, og síðari hluta dagsins höfðu böndin borizt að ákærða, svo hann var tekinn til yfirheyrslu. Var hann þá kominn í hæli Bláa bandsins sem vistmaður. Hafði faðir hans komið honum þangað um morguninn, grunlaus um að hann væri við mál þetta riðinn. Um leið og hann var sóttur til yfirheyrslunnar, komu rannsóknarlögreglumenn við heima hjá honum, þar sem móðir hans afhenti þeim fót þau, sem hann hafði verið í kvöldið áður, en það voru gráleit jakkaföt, nærföt og milliskyrta. Áður en ákærði fór á Bláa bands hælið um morguninn, hafði hann haft nærfataskipti í baðherberginu og skilið óhreinu fötin þar eftir á gólfinu. Móðir hans tók þau saman án þess að athuga þau neitt, vöðlaði nærfötunum innan í milliskyrtuna, og þannig afhenti hún rannsóknarlögreglunni fót þessi. Skömmu síðar var farið með fót þessi í Rannsóknarstofu Háskólans, þar sem prófessor Níels Dungal tók þau til rannsókna.

Við yfirheyrslu bæði hjá rannsóknarlögreglunni og fyrir dómi þenna dag viðurkenndi ákærði að hafa beitt stúlku líkamlegu ofbeldi í leikvallarskýlinu við Vesturvallagötu kvöldið áður. Hann mundi, að hann hafði lent í tuski og stimpingum við stúlkuna, en hvað hann hafði við hana gert þarna, mundi hann ekki og hefur eigi enn sagzt muna. Við yfirheyrslurnar þenna dag og einnig síðar skýrði ákærði frá ölvunarflækingi sínum hér um bæinn hinn 13. janúar. Kvaðst hann hafa farið reiður að heiman um kvöldið og hafa verið í skapofsa það sem eftir var kvöldsins. Hann man komu sína að Ásvallagötu 69 og skýrir svo frá, að þegar hann kom út úr því húsi, hafi hann séð telpuna. Ekkert þekkti hann hana og gerði sér enga grein fyrir aldri hennar.

Hann gaf sig á tal við hana og gekk með henni vestur götuna. Þykir rétt að tilfæra hér orðréttu fyrstu skýrslu ákærða um það, sem síðan gerðist: „Ég man ekkert, hvað ég talaði við hana, og ég man ekki eftir, að ég hafi beðið hana að sýna mér Sólvallagötu eða Framnesveg. Ég man heldur ekki eftir, að ég hafi haft í huga að hafa samfarir með henni, það hefur komið yfir mig allt í einu, og veit ég ekki, hvernig á því stendur. Ég man eftir, að ég fór með telpuna inn á leikvöllinn við Vesturvallagötu, og lenti ég í einhverjum stimpingum við hana, en ekki man ég sérstaklega eftir, að ég hafi haldið fyrir munninn á henni eða tekið hana hálstaki. Ég man það bara, að ég var í stimpingum við hana. Ég man eftir, að ég var með telpuna í skjólinu við bygginguna. Eftir þetta man ég ekki greinilega, hvað gerðist. Ég man ekkert eftir, að ég hafi rifið fötin utan af stúlkunni, og ég man ekkert eftir, að ég hafi slegið höfðinu á henni við steinvegginn, en ég rengi alls ekki, að ég hafi gert það, því ég vissi ekki, hvað ég gerði. Ég man heldur ekki eftir, að ég hafi haft samræði við hana, en ég rengi það alls ekki, að ég hafi tekið hana þarna undir skjólinu. Ég man heldur ekki eftir, þegar ég skildi við stúlkuna, og ég man fyrst eftir mér með fullri vissu, er ég var á leið heim. Þegar ég kom heim, háttaði ég og sofnaði.“ Þessa skýrslu gaf ákærði rannsóknarlögreglunni síðdegis 14. janúar og staðfesti hana fyrir dómi þá um kvöldið. Kvaðst hann þá telja víst, að tilgangur sinn með því að fara með telpuna inn í leikvallarskýlið hafi verið sá að hafa við hana holdleg mök.

Framangreinda skýrslu sína um málavexti áréttaði ákærði í þinghaldi hinn 31. janúar og tók jafnframt fram, að hann rengdi eigi skýrslu telpunnar, sem áður er rakin. Um vasahnífinn, sem lögreglan fann á skýlispallinum, tók ákærði fram, að hann hefði undanfarið átt alveg eins hníf og að hann efaðist ekki um, að þetta væri sinn hnífur. Við athugun tæknideildar rannsóknarlögreglunnar á fatnaði þeim, sem telpan var í, þegar hún varð fyrir árásinni, kom í ljós, að tvennar nærbuxur hennar og sokkabuxur höfðu verið skornar með eggjárn. Með tilliti til þess, að vasahnífur ákærða varð eftir á skýlispallinum, var ákærði inntur eftir því, hvort hann hefði tekið til þess ráðs að skera sundur fót telpunnar til að komast greiðlegar að henni nakinni. Eigi kvaðst hann muna neitt eftir þessu.

Eins og áður segir, var Hannes Þórarinnsson, heimilislæknir fjölskyldunnar, strax kallaður þangað, þegar X kom

heim um kvöldið 13. janúar. Í vottorði hans um þessa læknisvitjun segir svo: „Hinn 13. janúar 1961, kl. ca. 2320, var ég beðinn um að koma vegna 12 ára gamallar stúlku, X, sem orðið hefði fyrir líkamsárás. Þegar ég kom þangað, var stúlkan með fullri meðvitund, en hafði sýnilega orðið fyrir miklu áfalli. Hún var mjög illa til reika, fót hennar öll rifin, blaut og óhrein. Henni var mjög kalt, þótt hún lægi þá undir þykku ullarteppi, og skalf mjög. Sagði hún mér, að á sig hefði ráðizt maður, sem tekið hefði fyrir munn henni og kverkar, er hún reyndi að kalla á hjálp, og síðar slegið höfði hennar mörgum sinnum við múrvegg. Eftir það mundi hún ekki eftir sér, fyrr en hún var komin heim. Hún kvartaði um verki og eymsli í höfði, einkum hnakka, og átti erfitt með að lyfta höfðinu. Við fljótlega skoðun sáust þessir áverkar: Mikil bólga á ca. lófastöru svæði á hnakka, nokkrar minni bólgur á höfði með fleiðrum, sem blóð vætlaði úr. Á andlitu voru skrámur og hrúfl á enni, undir augum og á höku, varir voru bólgnaðar og sprungnaðar. Framan á hálsi var stór marblettur og talsverður þroti. Auk þess hrúfl á handlegg og fótlegg. Lítils háttar blóðvætl sást frá genitalia, en um það var ekki athugað frekar þar heima. Hins vegar hafði ég strax samband við sérfræðing í kvensjúkdómum, Tryggva Þorsteinsson lækni, og flutti stúlkuna því næst á Slysavarðstofuna, þar sem hún var rannsökuð nánar.“

Í vottorði Tryggva læknis Þorsteinssonar, sérfræðings í skurðlækningum, sem mörg undanfarin ár hefur stundað lækningar í kvensjúkdómum bæði hér á landi og erlendis, segir, að móðir X hafi komið með hana í bíl í Slysavarðstofuna kl. 0015 hinn 14. janúar. Var læknum skýrt frá árásinni, svo sem telpan hafði frá henni skýrt. Við komuna í Slysavarðstofuna gat telpan gengið, þegar hún var studd, en kvartaði um miklar þrautir í höfðinu, aðallega hnakkanum. Síðan segir í vottorðinu: „Object. rannsókn. Tólf ára telpan, grönn og fölleit. Útlit svarar til aldurs. Telpan er óhrein og moldug í andlitu, hárið er í flóka, blautt með leir og mold í aftan í hnakkanum. Á báðum kinnum, vörum og höku eru marblettir og þroti. Grunn húðrispa út frá vinstra munnviki. Varir eru skorpnar og bólgnaðar. Vinstri augn- tönn er laus í alveolunni. Framan á hálsi, ofan við barkakýlið, er 10×2 cm langur, brúnleitur áverki, sem liggur þversum upp undir kjálkabörð beggja megin og hefur epidermis (þ. e. horn- húðin) flagnað af. Diffus þroti er á þessu svæði. Minni háttar marblettir sjást á hálsi beggja megin. Aftan á hnakka í hæð

með protuberantía occipit (þ. e. kúlan ofan við hnakkagróf) finnst lófastórt fluctuerandi haematom, ákaflega viðkvæmt. Þar fyrir ofan smákúla (spennt haematom) í hársverðinum. Ekki sjást opin sár í hársverðinum. Ekki sjást áverkar á efri útlimum, baki, brjóstholi né kvið Innanfótar á vinstra hné er hrúfl eða mar ca. 2×2 cm stórt. Áverka er ekki að sjá annars staðar á neðri útlimum“. Síðan gerir læknirinn grein fyrir gynecologiskri skoðun á telpunni. Leiddi hún í ljós bólgu, roða og húðafirfur á ytri kynfærum og blóðvætl úr þeim. Hymen var rífið og frísk blæðing úr sárbörmunum. Loks getur læknirinn þess í vottorði sínu, að tekin hafi verið í Slysavarðstofunni röntgenmynd af höfði telpunnar og hafi hún verið mjög „grunsamleg upp á höfuðkúpubrot“.

Þegar læknirinn staðfesti vottorð sitt í dómi, skýrði hann svo frá, að allir áverkar telpunnar hefðu verið nýir. Bersýnilega hafi hymen verið nýrofið og hafi allt ástand telpunnar bent til þess, að það hefði gerzt við nauðgun.

Af Slysavarðstofunni var telpan flutt í Landakotsspítala, og þar var hún fram til 31. janúar, að hún fór heim.

Á spítalanum var hún í umsjá Richards læknis Thors, og hefur hann gefið vottorð um hana. Er lýsing hans á ástandi hennar við komuna í spítalann í samræmi við framangreint vottorð Tryggva læknis Þorsteinssonar, nema að því leyti að endurteknar röntgenmyndir af höfuðbeinum hafa ekki leitt í ljós örugg merki um brot á hnakkabeini eða önnur höfuðkúpubrot. Í spítalanum tóku meiðsl og ákomur telpunnar eðlilegum bata. Segir í viðbótarvottorði læknisins, dagsettu 28. janúar s.l., að hæð telpunnar hafi mælt 1.39 m og þyngd 28.5 kg. Hún sé fremur lítil og grönn eftir aldri, en samsvari sér vel, sé skýr og greinagóð.

Í vottorði, dagsettu 5. þ. m., skýrir sami læknir frá því, að telpan hafi farið heim úr spítalanum 31. janúar. Hafi líðan hennar þá verið góð, eina kvörtunin lítils háttar höfuðverkur, þó eigi stöðugur. Er hún þá að mestu leyti gróin og áverkar horfnir að mestu.

Í þinghaldi 29. f. m. skýrði faðir hennar svo frá, að hún virtist hafa náð sér að fullu eftir áfallið, hún sækti skóla með eðlilegum hætti og væri alveg eins og hún hafi átt að sér.

Í vottorði prófessors Nielsar Dungals, dagsettu 16. janúar, um rannsókn á fötum ákærða, sem rannsóknarlögreglan fór með til hans í Rannsóknarstofu Háskólans 14. janúar, svo sem áður er getið, segir svo:

„Niðurstöður urðu þessar:

Hálmál á milliskyrta beggja megin, þar sem hneppt er: Blettir, sem líktust þornuðu blóði, reyndust með benzidinprófi að vera blóð.

Blettir í kringum buxnaklauf hægra megin reyndust einnig vera blóð, þegar bletturinn hafði verið klipptur úr, bleyttur upp í saltvatni og prófað fyrir blóði með benzidini. Innan á fóðri buxnaklaufarinnar neðan til hægra megin fundust einnig blettir, sem með benzidinprófi reyndust blóð. Það skal tekið fram, að buxurnar voru óhreinar, sérstaklega var vinstri buxnaskálm aurug framan á hnénu og niður eftir skálminni, eins og maðurinn hefði legið á hnjánum, því að hægra hnéð var líka aurugt, en miklu minna.“ Síðan er skýrt frá rannsókn á vasaklút ákærða, sem eigi leiddi í ljós neitt, sem hér skiptir máli. Að þeim kafla loknum, segir í vottorðinu: „Hár: Á einum hnappi framan á jakka mannsins voru nokkur hár föst. Voru þau ljósbrúnleit, allt að 8 cm á lengd. Fór ég í sjúkrahúsið, þar sem X lá, og klippti nokkur hár af höfði hennar. Við samanburð á hárunum bæði með berum augum og í smásjá litu hárin, sem fundust á jakka Guðmundar Þórðarsonar, út, eins og hárin á X, svo að þar mátti ekki á milli sjá.“

Við athugun prófessorsins á fatnaði telpunnar fundust engin ummerki, sem hér skipta máli.

Við lækniSSkoðun á ákærða fundust engin merki þess, að hann væri haldinn kynsjúkdómi.

Með skýrslu telpunnar, skýrslu ákærða sjálfs, framangreindum lækniSVottorðum um ástand telpunnar og vottorði Rannsóknarstofu Háskólans um rannsókn á fötum ákærða er sannað, að ákærði hefur með ofbeldi lamað viðnámsþrótt telpunnar og haft holdlegt samræði við hana nauðuga eða þá að henni óafvitandi, eftir að hún var orðin meðvitundarlaus af völdum hans. Varðar þessi verknaður við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þar sem telpan var 12 ára að aldri og útlit hennar svarar til aldurs, svo sem fram er komið í rannsókninni, varðar verknaður ákærða einnig við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga, enda þótt svo kunni að vera, að ákærði hafi í ölvunar- og ástriðuham eigi gert sér grein fyrir því, á hvaða aldursskeiði hún væri.

Að tilhlutan dómarans rannsakaði Þórður Möller, yfirlæknir á Kleppsspítala, geðheilbrigði ákærða, og er niðurstaða álitsgerðar hans á þessa leið: „Hér er hvorki um fávita að ræða,

geðveikan mann né geðveilan, heldur ofdrykkjumann, sennilega taugaveiklaðan frá bernsku, sem í drykkjuofsa vinnur ódæðisverk á 12 ára telpu á óvenjulega fruntalegan hátt. Ekkert er finnanlegt, sem dragi úr sakhæfi hans.“

Refsing ákærða fyrir framangreint brot þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 10 ár. Ákærði hefur verið í gæzluvarðhaldi frá 14. janúar s.l. Ber samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga að ákveða, að gæzluvarðhaldið komi með fullri dagatölu refsingunni til frádráttar.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða frá birtingu dóms þessa kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, hæstaréttarlögmanns Einars Ásmundssonar, og skipaðs verjanda, héraðsdómslögmanns Sveins Snorrasonar, kr. 4.000.00 til hvors.

Dóm þenna kveður upp Valdimar Stefánsson sakadómari.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Þórðarson, sæti fangelsi í 10 ár. Gæzluvarðhald hans frá 14. janúar 1961 komi með fullri dagatölu refsingunni til frádráttar.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, hæstaréttarlögmanns Einars Ásmundssonar, og skipaðs verjanda, héraðsdómslögmanns Sveins Snorrasonar, kr. 4000.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.
